

Vestmannaeyjabær  
Kirkjuvegi 50  
900 Vestmannaeyjum

15. maí 2026  
202604-0052/A.B.

## Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyjar 2015 – 2035 - Ný vatnslögn til Vestmannaeyja.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjar 2015 – 2035 vegna nýrrar vatnslagnar til Vestmannaeyja. Í greinargerð kemur fram að breytingin sé gerð vegna fyrirhugaðrar lagningar nýrrar neðansjárvatnsleiðslu (NSL4) frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja. Markmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi neysluvatns til Vestmannaeyja í kjölfar skemmda á núverandi vatnsleiðslu (NSL3) árið 2023. Ný vatnsleiðsla verður lögð samsíða núverandi leiðslu og mun nýta sömu landtökustaði, meðal annars í Skansfjöru.

### Umhverfisáhrif

Út frá þeim gögnum sem liggja fyrir virðist framkvæmdin fyrst og fremst fela í sér að ný vatnsleiðsla verði lögð samsíða núverandi leiðslu og nýti sömu landtökustaði í Bakkafjöru og Skansfjöru.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því ekki tilefni til að gera efnislegar athugasemdir við tillöguna, enda verði framkvæmdasvæðið afmarkað með skýrum hætti, rask takmarkað við þegar röskuð svæði og frágangur þannig að náttúrulegt yfirborð fjöru og aðliggjandi svæða verði fært sem næst fyrra horfi að framkvæmd lokinni.

Stofnunin bendir hins vegar á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum,

sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyribæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

**sérfræðingur**